



STEFNUYFIRLÝSING UM ÞJÁLFARAMENNTUN

Með hugtakinu **þjálfari** er hér átt við hvern þann sem kennir íþróttir og skipuleggur og stjórnar íþróttæfingum.

1. **Íþróttasamband Íslands og sambandsaðilar þess stefna að því:**
 - a) að allir þjálfarar sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna.
 - b) að tryggja réttindi allra þjálfara með fullnægjandi og viðeigandi menntun til að starfa við þjálfun á vegum íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.
 - c) að við samninga um starfskjör þeirra þjálfara sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi verði tekið tillit til menntunar þeirra, reynslu og annars sem aukið getur hæfni þeirra sem þjálfara.
 - d) að vinna að því að mikilvægi þjálfarastarfsins og nauðsyn á góðri þjálfaramenntun öðlist aukna viðurkenningu, bæði innan íþróttahreyfingarinnar og meðal almennings.

2. **Til að ná þessum takmörkum stefna ÍSÍ og sambandsaðilar þess að því:**
 - a) að koma á fót áfangaskiptu fræðslukerfi sem veiti möguleika á að afla sér fullnægjandi og viðeigandi menntunar til þjálfarastarfa fyrir alla aldurshópa og á öllum afreksstigum. Áfangaskipting fræðslukerfisins skal vera samræmd fyrir allar íþróttagreinir og námsefni og kennsla í sameiginlegum námsgreinum samnýtt milli íþróttagreina eins og kostur er.
 - b) að skilgreina hvers konar þjálfaramenntun sé fullnægjandi og viðeigandi til að stunda þjálfarastörf fyrir hvern aldurshóp, hvert afreksstig og hverja íþróttagrein. Skilgreiningar á hæfniskröfum til þjálfara skulu miðast við áfangaskiptingu fræðslukerfisins og skal sambærileg menntun sem aflað er annars staðar metin með samanburði við það.
 - c) að ÍSÍ beri ábyrgð á faglegu innihaldi í öllum almennum þáttum þjálfaramenntunarinnar, sem sameiginlegir eru öllum íþróttagreinum, en sérsamböndin hvert um sig beri ábyrgð á faglegu innihaldi í þeim þáttum þjálfaramenntunarinnar sem eru sértækir fyrir viðkomandi íþróttagrein.
 - d) að innan fræðslukerfis íþróttahreyfingarinnar verði unnt að afla sér menntunar í efsta áfanga til þjálfarastarfa fyrir hvern tiltekinn markhóp (aldurshóp eða afreksstig).

Samþykkt á 63. Íþróttáþingi ÍSÍ á Akranesi 26.- 27. október 1996.